


Þróun fjósgerða og mjaltataækni á Íslandi 2003-2005



Landssamband kúabænda
Nóvember, 2005

Inngangur

Árið 2003 tók Landssamband kúabænda saman upplýsingar um fjósgerðir á Íslandi og fylgdi þannig eftir verkefni BÍ og búnaðarsambanda landsins frá árinu 1995, sem gert var upp árið 1998. Þá þegar var ljóst að upplýsingar um fjósgerðir þarf að uppfæra mun oftar en gert hafði verið og því ákveðið að uppfæra upplýsingarnar á a.m.k. tveggja ára fresti. Skýrslan er fyrst og fremst hugsuð sem heimild um stöðu og þróun og því hefur verið lögð lítið áhersla á túlkun gagna og/eða ítarlega úrvinnslu. Við úrvinnslu og gagnaöflun hefur LK notið aðstoðar ýmissa héraðsráðunauta, frjótækna, dýralækna og mjólkureftirlitsmanna, auk þess með grunnur upplýsingaöflunarinnar var fenginn frá Bændasamtökum Íslands, sem og upplýsingar um greiðslumark og upplýsingar úr kynbótaskýrsluhaldi. Eru framangreindum aðilum færðar þakkir fyrir þá aðstoð sem var veitt.

Þar sem gögnin koma víða að er ekki hægt að útiloka minniháttar frávik, en ef einhver eru þá hafa þau að líkindum ekki teljandi áhrif á niðurstöður.

Hvanneyri, 8. nóvember 2005

Snorri Sigurðsson, framkvæmdastjóri LK



Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Þróun í fjölda mismunandi fjósgerða	3
2. Grunngerðir fjósa	5
3. Flokkun fjósgerða eftir starfssvæðum.....	5
3.1 Búnaðarsamband Kjalarnesþings.....	5
3.2 Búnaðarsamtök Vesturlands	6
3.3 Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda	6
3.4 Leiðbeiningamiðstöðin ehf.	7
3.5 Búgarður	7
3.6 Búnaðarsamband Austurlands	8
3.7 Búnaðarsamband Suðurlands.....	8
4. Hlutfall mjólkurframleiðslu eftir fjósgerðum	8
5. Samspil fjósgerða og afurða.....	10
6. Lokaorð	11

Forsíðumyndir: Nýtt legubásafjós að Stjóru-Hildisey I og grunnteikning af því eftir Ómar Pétursson, Nýhönnun.




1. Þróun í fjölda mismunandi fjósgerða

Við rannsóknina var fjósgerðum skipt upp í tvo yfirflokka og samtals sex undirflokka. Yfirflokkarnir voru básafjós og legubásafjós, en undirflokkarnir tóku mið af þeirri mjaltatækni sem í notkun var á hverjum stað. Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1, en þar kemur í ljós að mjög mikil breyting hefur átt sér stað á einungis tveimur árum og munar þar einna mestu um mikið brottfall básafjósa með rörmjaltakerfum og aukningu í fjölda legubásafjósa almennt. Eins og sjá má á mynd 1 hefur orðið veruleg hlutfallsleg breyting á fjósgerðum sl. 2 ár.

Tafla 1, fjöldi mismunandi fjósgerða og mjaltatækni

	Árið 2003	Árið 2005	Breytingar
Básafjós með fötukerfi	24	16	- 33,3 %
Básafjós með rörmjaltakerfi	614	487	- 20,7 %
Básafjós með mjaltabás	114	85	- 25,4 %
Legubásafjós með mjaltabás	107	133	+ 24,3 %
Legubásafjós með mjaltapjóni	11	39	+ 254,5 %
Annað	3	2	- 33,3 %
Samtals	873	762	- 12,7 %



Mynd 1, hlutfall mismunandi fjósgerða og mjaltatækni árið 2003 og 2005

Í töflu 2 hefur fjósgerðunum verið raðað niður eftir starfssvæðum leiðbeiningapjónustunnar héraendis og kemur þá í ljós að töluverður munur er á milli einstakra svæða í hlutfalli einstakra fjósgerða. Athygli skal vakin á því að ákveðin starfssvæði geta liðið fyrir það að vera í nábýli við sterka samkeppni, t.d. frá hlunnindum (hátt jarðarverð), fjarlægðar frá sterkri mjólkurafurðastöð og fleiri þátta. Við lestur töflunnar kemur fram að þrátt fyrir að mikil fækkun hafi orðið á hefðbundnum básafjósum með rörmjaltakerfi, þá fækkar básafjósum með mjaltabásum hlutfallslega hraðar, sem



Skýrsla Landssambands kúabænda um þróun fjósgerða og mjaltatækni 2003-2005

bendir eindregið til þess að þessum fjósum hafi mikið til verið breytt í legubásafjós á síðustu tveimur árum.

Tafla 2, flokkun fjósgerða og mjaltakerfa eftir starfssvæðum ráðgjafabjónustunnar

Básafjós með fötukerfi	Árið 2003		Árið 2005	
Búnaðarsamband Kjalarnesþings	0		0	
Búnaðarsamtök Vesturlands	13	54,2%	11	68,8%
Ráðunautabjónusta Húnaþings og Stranda	5	20,8%	1	6,3%
Leiðbeiningamiðstöðin ehf.	1	4,2%	1	6,3%
Búgarður	1	4,2%	1	6,3%
Búnaðarsamband Austurlands	1	4,2%	1	6,3%
Búnaðarsamband Suðurlands	3	12,5%	1	6,3%
Samtals	24		16	

Básafjós með rormjaltakerfi	Árið 2003		Árið 2005	
Búnaðarsamband Kjalarnesþings	8	1,3%	7	1,4%
Búnaðarsamtök Vesturlands	124	20,2%	101	20,7%
Ráðunautabjónusta Húnaþings og Stranda	42	6,8%	35	7,2%
Leiðbeiningamiðstöðin ehf.	57	9,3%	38	7,8%
Búgarður	142	23,1%	121	24,8%
Búnaðarsamband Austurlands	29	4,7%	24	4,9%
Búnaðarsamband Suðurlands	212	34,5%	161	33,1%
Samtals	614		487	

Básafjós með mjaltabás	Árið 2003		Árið 2005	
Búnaðarsamband Kjalarnesþings	2	1,8%	2	2,4%
Búnaðarsamtök Vesturlands	16	14,0%	11	12,9%
Ráðunautabjónusta Húnaþings og Stranda	9	7,9%	7	8,2%
Leiðbeiningamiðstöðin ehf.	10	8,8%	7	8,2%
Búgarður	22	19,3%	18	21,2%
Búnaðarsamband Austurlands	4	3,5%	3	3,5%
Búnaðarsamband Suðurlands	51	44,7%	37	43,5%
Samtals	114		85	


Legubásafjós með mjaltabás	Árið 2003		Árið 2005	
Búnaðarsamband Kjalarnesþings	1	0,9%	2	1,5%
Búnaðarsamtök Vesturlands	11	10,3%	17	12,8%
Ráðunautabjónusta Húnaþings og Stranda	10	9,3%	11	8,3%
Leiðbeiningamiðstöðin ehf.	7	6,5%	7	5,3%
Búgarður	23	21,5%	29	21,8%
Búnaðarsamband Austurlands	6	5,6%	7	5,3%
Búnaðarsamband Suðurlands	49	45,8%	60	45,1%
Samtals	107		133	

Legubásafjós með mjaltapjóni	Árið 2003		Árið 2005	
Búnaðarsamband Kjalarnesþings	0	0,0%	1	2,6%
Búnaðarsamtök Vesturlands	2	18,2%	6	15,4%
Ráðunautabjónusta Húnaþings og Stranda	0		0	
Leiðbeiningamiðstöðin ehf.	0		7	17,9%
Búgarður	4	36,4%	7	17,9%
Búnaðarsamband Austurlands	1	9,1%	1	2,6%
Búnaðarsamband Suðurlands	4	36,4%	17	43,6%
Samtals	11		39	



2. Grunngerðir fjósa

Ef litið er til þeirrar grunngerðar fjósa sem um ræðir, þá er fyrst og fremst horft til þess hvort kýr hafi val til þess að hreyfa sig þegar þeim hentar eða ekki. Þessum fjósum er í þessari rannsókn skipt í tvo yfirflokkka; básafjós og legubásafjós. Mjög mikil breyting hefur átt sér stað á síðustu tveimur árum í þessu sambandi og fer hlutfall básafjósa greinilega hratt fallandi eða úr 86% af heild í 77% af heild (sjá mynd 2). Vakin skal þó athygli á því að þrátt fyrir að hlutfall básafjósa sé enn þetta hátt, þá eru þessi fjós að jafnaði með minni framleiðslurétt en legubásafjósinn eins og fram kemur síðar.



Mynd 2, hlutföll yfirflokka fjósa árin 2003 og 2005

3. Flokkun fjósgerða eftir starfssvæðum

Þegar kúabóndi tekur ákvörðun um að breyta hjá sér starfsumhverfinu þá er það mjög stór ákvörðun sem tekur til ýmissa þátta. Vegna þessa er afar fróðlegt að skoða hvernig og hvar breytingarnar hafa orðið mestar á síðustu tveimur árum, og hvar ekki. Ljóst er að ytra starfsumhverfið er það sama hjá öllum kúabændum landsins, en ýmsir þættir sem standa kúabóndanum nær skipta hér mjög miklu máli, eins og ráðleggingar ráðunauta í heimahéraði, vægi tekna af mjólkurframleiðslu af heildartekjum búsin, samkeppnisstaða landsins til mjólkurframleiðslu ofl., og ber því að skoða niðurstöðurnar í því ljósi.

3.1 Búnaðarsamband Kjalarnesþings

Þegar litið er yfir þróun fjósgerða hjá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings (sjá töflu 2 og 3) má sjá að ákvarðanatáka eins bónda vegur afar þungt á hlutfallið, enda fjósin fá í þessu búnaðarsambandi. Þó liggur fyrir að þróunin er í rétta átt eins og víða annarsstaðar, þ.e. legubásafjósinn eru að leysa af hólmi básafjósinn. Athygli veur jafnframt að hjá þessu búnaðarsambandi fjölgar fjósum á þessu tveggja ára tímabili og er það eina svæðið á



landinu þar sem slíkt gerist.

Tafla 3, fjósgerðir innan starfssvæðis Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Búnaðarsamband Kjalarnesþings	Árið 2003		Árið 2005	
Básafjós með fötukerfi	0		0	
Básafjós með rörmjaltakerfi	8	72,7%	7	58,3%
Básafjós með mjaltabás	2	18,2%	2	16,7%
Legubásafjós með mjaltabás	1	9,1%	2	16,7%
Legubásafjós með mjaltapjóni	0		1	8,3%
Annað	0		0	
Samtals	11		12	

3.2 Búnaðarsamtök Vesturlands

Starfssvæði Búnaðarsamtaka Vesturlands (BÚVest) nær frá Hvalfjarðarbotni og til og með Ísafjarðardjúps og er svæðið því mun fjölbreyttara í legu og landslagi en önnur starfssvæði systursamtaka BÚVest (sjá töflu 2 og 4). Í töflu 4 er yfirlit yfir fjósgerðir á starfssvæðinu og er fækkun fjósa á þessu svæði mjög áþekkt því sem gerist á landsvísu (-12,0% en -12,7% á landsvísu). Hinsvegar sker svæðið sig nokkuð úr hvað nokkur atriði snertir. Bæði er hér lang hæsta hlutfall af fötumjaltakerfum og er á þessu svæði að finna tæplega 70% allra fötumjaltakerfa á landinu. Einnig vekur athygli hátt hlutfall básafjósa með rörmjaltakerfi, sem jafnframt er það hæsta á landinu (69,2% en 63,9% á landsvísu). Á sama tíma hefur hinsvegar orðið góð hlutfallsleg aukning legubásafjósa á tímabilinu (77%) en hlutfall þeirrar fjósgerðar á þessu svæði hinsvegar það lægsta á landinu eða einungis 15,7% m.v. 22,6% á landsvísu.

Tafla 4, fjósgerðir innan starfssvæðis Búnaðarsamtaka Vesturlands

Búnaðarsamtök Vesturlands	Árið 2003		Árið 2005	
Básafjós með fötukerfi	13	7,8%	11	7,5%
Básafjós með rörmjaltakerfi	124	74,7%	101	69,2%
Básafjós með mjaltabás	16	9,6%	11	7,5%
Legubásafjós með mjaltabás	11	6,6%	17	11,6%
Legubásafjós með mjaltapjóni	2	1,2%	6	4,1%
Annað	0		0	
	166		146	

3.3 Ráðunautapjónusta Húnaþings og Stranda

Þegar litið er á niðurstöður fyrir fjósgerðir á starfssvæði Ráðunautapjónustu Húnaþings og Stranda (sjá töflu 2 og 5) koma einkar athygliverðar staðreyndir í ljós. Svo virðist sem svæðið sitji eftir ef svo má að orði komast. Hlutfallsleg fækkun fjósa er með því mesta sem gerist á landsvísu (-18,2% m.v. -12,7% á landsvísu) og samhliða verður minnst hlutfallsleg fjölgun legubásafjósa (+10% m.v. 46% á landsvísu). Athygli vekur að þetta svæði er það eina á landinu þar sem ekki er enn komið fjós með mjaltapjóni. Ljóst er að svæðið sem slíkt er vel fallið til mjólkurframleiðslu, en einhverra hluta vegna virðast aðstæður vera með þeim hætti að kúabændur hafa sótt minna fram á þessu svæði síðustu tvö ár en annarsstaðar á landinu.



Tafla 5, fjósgerðir innan starfssvæðis Ráðunautabjónustu Húnaþings og Stranda

Ráðunautabjónusta Húnaþings og Stranda	Árið 2003		Árið 2005	
Básafjós með fötukerfi	5	7,6%	1	1,9%
Básafjós með rörmjaltakerfi	42	63,6%	35	64,8%
Básafjós með mjaltabás	9	13,6%	7	13,0%
Legubásafjós með mjaltabás	10	15,2%	11	20,4%
Legubásafjós með mjaltabjóni	0		0	
Annað	0		0	
	66		54	

3.4 Leiðbeiningamiðstöðin ehf.

Í Skagafirði, sem er starfssvæði Leiðbeiningamiðstöðvarinnar ehf., hefur orðið mikil breyting í fjósgerðum á sl. tveimur árum (sjá töflu 2 og 6). Þar hefur fjósum í heild fækkað mest á landinu, eða um 19,7% m.v. 12,7% fækkun á landsvísu en á sama tíma orðið mikil fjölgun legubásafjósa. Skiptir þar sköpum fjölgun legubásafjósa með mjaltabjóni og er hlutfall fjósa með mjaltabjóna hæst í Skagafirði yfir landið. Þá er enn sú skemmtilega staðreynd í Skagafirði að enn er handmjólkað í einu fjósi.

Tafla 6, fjósgerðir innan starfssvæðis Leiðbeiningamiðstöðvarinnar ehf.

Leiðbeiningamiðstöðin ehf.	Árið 2003		Árið 2005	
Básafjós með fötukerfi	1	1,3%	1	1,6%
Básafjós með rörmjaltakerfi	57	75,0%	38	62,3%
Básafjós með mjaltabás	10	13,2%	7	11,5%
Legubásafjós með mjaltabás	7	9,2%	7	11,5%
Legubásafjós með mjaltabjóni	0		7	11,5%
Handmjaltir	1	1,3%	1	1,6%
	76		61	

3.5 Búgarður

Starfssvæði Búgarðs nær yfir Eyjafjörð og Þingeyjasýslur og sker þetta svæði sig nokkuð úr heildinni þar sem þar hefur orðið minnst fækkun kúabúa (sjá töflu 2 og 7), eða einungis um 8,8%. Hlutfall básafjósa með rörmjaltakerfum er næst hæst á þessu svæði yfir landið (68,8%). Hlutfallsaukning legubásafjósa er undir meðallagi (33%).

Tafla 7, fjósgerðir innan starfssvæðis Búgarðs

Búgarður	Árið 2003		Árið 2005	
Básafjós með fötukerfi	1	0,5%	1	0,6%
Básafjós með rörmjaltakerfi	142	73,6%	122	68,8%
Básafjós með mjaltabás	22	11,4%	18	10,2%
Legubásafjós með mjaltabás	23	11,9%	29	16,5%
Legubásafjós með mjaltabjóni	4	2,1%	7	4,0%
Rimlafjós	1	0,5%	0	
	193		176	



3.6 Búnaðarsamband Austurlands

Þrátt fyrir víðfeðmt starfssvæði Búnaðarsambands Austurlands, sem nær frá Vopnafirði niður á sunnanverða Austfirði, er fjöldi fjósa ekki mikill (sjá töflu 2 og 8). 36 kúabú í mjólkurframleiðslu eru á svæðinu og vegur því þungt í tölunum ákvörðun hvers bónda fyrir sig. Fækkun bóna á þessu svæði er aðeins minni en meðalfækkunin (12,2%) en hlutfallsleg aukning legubásafjósa er þó með því minnsta sem gerðist á síðustu tveimur árum (14%). Hlutfall þeirrar fjósgerðar er þó svipuð og að meðaltali fyrir landið í heild.

Tafla 8, fjósgerðir innan starfssvæðis Búnaðarsambands Austurlands

Búnaðarsamband Austurlands	Árið 2003		Árið 2005	
Básafjós með fötukerfi	1	2,4%	1	2,8%
Básafjós með rörmjaltakerfi	29	70,7%	24	66,7%
Básafjós með mjaltabás	4	9,8%	3	8,3%
Legubásafjós með mjaltabás	6	14,6%	7	19,4%
Legubásafjós með mjaltapjóni	1	2,4%	1	2,8%
Annað	0		0	
	41		36	

3.7 Búnaðarsamband Suðurlands

Starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands (BSSL) nær yfir Árnes-, Rangárvalla- og V- og A-Skaftafellssýslur og er því víðfeðmt. Athygli vekur að þrátt fyrir mikla stærð svæðisins er hlutfall básafjósa með því lágsta sem gerist eða 58,1% (sjá töflu 2 og 9). Hinsvegar sker svæðið sig úr þegar horft er til legubásafjósa þar sem hlutfallið er hvergi hærra (27,%). Einnig er á þessu svæði að finna eina fjós landsins þar sem kýr ganga á hálm. Fækkun kúabúa á þessu svæði er í meðallagi, enda vegur fjöldi kúabúa á þessu svæði þungt inn í meðaltalið. Jafnframt er svæðið enn með tiltölulega hátt hlutfall básafjósa með mjaltabás.

Tafla 9, fjósgerðir innan starfssvæðis Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarsamband Suðurlands	Árið 2003		Árið 2005	
Básafjós með fötukerfi	3	0,9%	1	0,4%
Básafjós með rörmjaltakerfi	212	66,3%	161	58,1%
Básafjós með mjaltabás	51	15,9%	37	13,4%
Legubásafjós með mjaltabás	49	15,3%	60	21,7%
Legubásafjós með mjaltapjóni	4	1,3%	17	6,1%
Hálmfjós	1	0,3%	1	0,4%
Samtals	320		277	

4. Hlutfall mjólkurframleiðslu eftir fjósgerðum

Þegar skoðuð er þróun mjólkurframleiðslunnar síðustu tvö ár kemur í ljós að mjög mikil breyting hefur orðið á því hvar mjólkurframleiðslan fer fram (sjá töflu 10 og mynd 3). Haustið 2003 var einungis um 21,5% framleiðslunnar í legubásafjósum, en aðeins tveimur árum síðar er hlutfall mjólkur sem framleidd er í legubásafjósum komið í 35,3% og nemur aukningin 62,1%.




Tafla 10, hlutfall greiðslumarks eftir fjósgerðum árin 2003 og 2005

	Árið 2003	Árið 2005	
	Hlutfall greiðslumarks	Hlutfall greiðslumarks	Breyting milli ára
Básafjós með fötukerfi	0,6%	0,4%	-30,9%
Básafjós með rörmjaltakerfi	60,3%	50,5%	-16,3%
Básafjós með mjaltabás	17,3%	14,1%	-18,7%
Legubásafjós með mjaltabás	18,8%	24,3%	29,2%
Legubásafjós með mjaltapjóni	2,7%	10,6%	289,3%
Básafjós, allar gerðir	78,2%	65,0%	-16,9%
Legubásafjós, allar gerðir	21,5%	34,9%	62,1%

ATH: Öðrum fjósgerðum sleppt vegna fæðar

Eins og sjá má á neðangreindri mynd er aukning greiðslumarks í legubásafjósunum sláandi mikil og hið háa hlutfall mjólkur í fjósum með mjaltapjónum líklega einsdæmi í heiminum enn sem komið er.



Mynd 3, þróun í hlutfalli greiðslumarks eftir fjósgerðum

Þróun bústærðar hefur jafnframt breyst mikið á síðustu tveimur árum, en á þeim tíma hefur greiðslumarkið verið aukið á landsvísu. Þrátt fyrir aukið heildargreiðslumark hefur aukning jafnframt orðið í öllum flokkum og skýrist það m.a. af því að smærri kúabúin falla úr framleiðslunni, en einnig með kaupum á greiðslumarki. Athygli vekur hve mikill munur er orðinn á fjósum með rörmjaltakerfum og fjósum með mjaltabásunum og/eða mjaltapjónunum og er ljóst að megin þungi framleiðslunnar er að færast úr rörmjaltakerfunum í mjaltabása og -þjóna (sjá töflu 11). Þegar litið er til yfirflokks fjósgerða kemur greinilega fram þessi munur, þar sem legubásafjósir eru að jafnaði með



Skýrsla Landssambands kúabænda um þróun fjósgerða og mjaltatækni 2003-2005

nærri 100 þúsund lítrum meira greiðslumark en hinar fjósgerðinar.

Tafla 11, meðal greiðslumark árin 2003 og 2005 eftir fjósgerðum

	Árið 2003	Árið 2005	Breyting
	Meðalgreiðslu- mark pr. bú	Meðalgreiðslu- mark pr. bú	
Básafjós með fötukerfi	26.234	28.527	8,7%
Básafjós með rörmjaltakerfi	101.742	112.639	10,7%
Básafjós með mjaltabás	157.372	180.068	14,4%
Legubásafjós með mjaltabás	182.105	198.571	9,0%
Legubásafjós með mjaltapjóni	256.591	295.467	15,2%
<hr/>			
Básafjós, allar gerðir	107.623	119.894	11,4%
Legubásafjós, allar gerðir	185.898	219.267	17,9%

ATH: Öðrum fjósgerðum sleppt vegna fæðar

5. Samspil fjósgerða og afurða

Fengnar voru upplýsingar frá Bændasamtökum Íslands um meðalafurðir allra bóa í skýrsluhaldi og voru þær upplýsingar samkeyrðar við gagnagrunn LK um fjósgerðir og mjaltatækni. Í ljós kom að af 694 búum í skýrsluhaldinu, var einungis hægt að nota upplýsingar um 632 bú þrátt fyrir að öll kúabú væru í gagnagrunni LK. Ástæðan fyrir þessu er sú að í gagnagrunni BÍ eru enn bú sem hætt hafa framleiðslu á síðustu 12 mánuðum, en eingöngu bú í framleiðslu eru í gagnagrunni LK. Meðalnyt síðustu 12 mánaða allra bóa var 5.251 kg og má sjá sundurliðun talnanna í töflu 12. Þar kemur fram að básafjós með mjaltabás eru að jafnaði með hæstu meðalnytina yfir landið. Þetta kemur ekki á óvart, þar sem ljóst er að þessi fjósgerð krefst mikillar vinnu og því auknar líkur á því að bændur með þessa fjósgerð leggi meira á sig að jafnaði við mjólkurframleiðsluna en aðrir. Hefðbundin básafjós eru með lægstu meðalnytina en annað væri óeðlilegt enda fjöldi þeirra um helmingur allra fjósa.

Þegar fjósgerðir eru flokkaðar eftir meðalnyt sem er hærri en 6.000 kg/kú þá kemur fram önnur samsetning þrátt fyrir að básafjós með mjaltabás séu þar enn í efsta sæti. Básafjós með rörmjaltakerfi koma þar rétt á eftir og benda þessar niðurstöður til þess að þar sem hámarksafurðastefna er stunduð, þá ná að jafnaði þeir kúabændur betri árangri sem hafa möguleika á því að einstaklingsfóðra kýrnar. Ljóst er að það er mjög erfitt, ef ekki ómögulegt í framkvæmd í fjósi þar sem kýrnar ganga um lausar.

Tafla 12, meðalafurðir kúabúa í skýrsluhaldi BÍ, eftir fjósgerðum og mjaltatækni

	Heild		Meira en 6.000 kg /kú	
	Meðalnyt, kg	Fjöldi búa	Meðalnyt, kg	Fjöldi búa
Básafjós með rörmjaltakerfi	5.144	394	6.409	58
Básafjós með mjaltabás	5.474	75	6.431	16
Legubásafjós með mjaltabás	5.429	127	6.334	30
Legubásafjós með mjaltapjóni	5.326	36	6.203	5
Meðaltal	5.251	632	6.382	109



6. Lokaorð

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þróun í fjósgerðum og mjaltatækni á síðustu tveimur árum. Þróunin hefur verið mjög hröð og ljóst að framleiðsluaðstæður til mjólkurframleiðslu á Íslandi eru mjög breytilegar á milli framleiðenda. Ísland hefur á örstuttum tíma náð að skipa sér í sess stórbjóða mjólkurframleiðslunnar, þegar horft er til tæknivæðingar við mjaltir og er það vel. Hinsvegar er ljóst að þessar breyttu aðstæður gera enn meiri kröfur til ráðgjafafjónustunnar en hingað til og gera ekki minni kröfur til endurmenntunar bæði kúabænda og ráðunauta, enda þurfa kúabændur að takast á við gríðarlega breytt skilyrði til framleiðslu mjólkur þegar skipt er um hvort heldur sem er fjósgerð og/eða mjaltatækni.

